

Starfsáætlun SSNE 2027



Hvað er SSNE?

Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE) voru stofnuð árið 2020 með sameiningu Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar, Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga og Eypings.

Starfssvæði SSNE nær yfir 10 sveitarfélög á Norðurlandi eystra, allt frá Fjallabyggð í vestri til Langanesbyggðar í austri.

Á starfssvæðinu búa tæplega 33.008 íbúar (okt 2025).

Meginhlutverk SSNE er að vera samstarfsvettvangur sveitarfélaga og styðja við atvinnulíf og samfélag á starfssvæðinu.

Hvað gerir SSNE?

SSNE gætir hagsmuna landshlutans og aðildarsveitarfélaganna utan starfssvæðisins. Það er t.a.m. gert með umsögnum um lagafrumvörp, þátttöku í stefnumótun ríkisins, greinaskrifum og eftirfylgni áætlana; svo sem Byggðaáætlunar, og með samtölum við hagsmunaaðila innan og utan starfssvæðisins.

SSNE stuðlar að atvinnuþróun og uppbyggingu öflugs atvinnusvæðis til framtíðar á starfssvæðinu. Það er meðal annars gert með þekkingaröflun og þekkingarmiðlun, sem og ráðgjöf starfsfólks SSNE á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar, umhverfismála, og menningar og skapandi greina til einstaklinga, fyrirtækja, og félagasamtaka.

SSNE vinnur í nánú samstarfi við sveitarfélögin og ýmsa aðra aðila, svo sem stjórnarráð Íslands, Byggðastofnun, Háskólann á Akureyri, Samband íslenskra sveitarfélaga og fleiri mætti nefna.

Stjórn SSNE

Stjórn SSNE skipa 11 fulltrúar frá öllum aðildarsveitarfélögum samtakanna, þar af tveir frá Akureyrarbæ.

Stjórn SSNE mótar heildarstefnu samtakanna, setur forgangsörðun í samræmi við Sóknaráætlun Norðurlands eystra og markmið aðildarsveitarfélaganna, samþykkir starfs- og fjárhagsáætlanir og fylgist með framkvæmd þeirra.

Þá hefur stjórnin eftirlit með rekstri og úthlutunum, gætir hagsmuna sveitarfélaganna gagnvart stjórnvöldum og öðrum aðilum, ræður framkvæmdastjóra og veitir honum stefnumótandi leiðsögn, auk þess sem hún er samráðsvettvangur sem tryggir að ólík sjónarmið sveitarfélaganna fái að njóta sín.

Stjórnin fundar alla jafna mánaðarlega í fjarfundi, en reynt er að halda staðfundi tvisvar sinnum á ári. Fundargerðir eru sendar til allra aðildarsveitarfélaga til kynningar og eru einnig ávallt aðgengilegar á vef SSNE.

Í stjórn SSNE 2026-2030 sitja:

Heimir Örn Árnason, formaður (Akureyrarbær),
Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir (Akureyrarbær),
Jóhann K. Jóhannsson (Fjallabyggð),
Monika Margrét Stefánsdóttir (Dalvíkurbyggð),
Sunna María Jónsdóttir (Hörgársveit),
Hermann Ingi Gunnarsson (Eyjafjarðarsveit),
Ólafur Rúnar Ólafsson (Svalbarðsstrandarhreppur),
Gísli Gunnar Oddgeirsson (Grýtubakkahreppur),
Knútur Emil Jónasson (Pingeyjarsveit),
Helena Eydís Ingólfssdóttir (Norðurþing),
Ólína Ingibjörg Jóhannesdóttir (Langanesbyggð).

Þing SSNE árið 2027

Ársþing SSNE verður haldið í byrjun apríl.

Haustþing SSNE verður haldið í september/október.

Starfsáætlun SSNE



Starfsáætlun SSNE er unnin árlega í samráði við stjórn og starfsfólk SSNE.

Gildandi Sóknaráætlun Norðurlands eystra er ávallt höfð til grundvallar við uppsetningu starfsáætlunar hvers árs, en að auki tekur starfsáætlun mið af öðrum þáttum líkt og ályktunum og óskum stjórnar, ábendingum starfsfólks, ályktana þinga samtakanna, áhersluverkefnum Sóknaráætlunar og gildandi samningum við stjórnvöld.

Starfsáætlun ársins 2027 er enn í vinnslu en hér á eftir verða kynnt helstu kjarnaverkefni samtakanna.



Hagsmunagæsla

Stór hluti starfsemi SSNE felst í að gæta hagsmuna landshlutans og aðildarsveitarfélaganna utan starfssvæðisins. Það er gert á fjölbreyttan máta, t.a.m. með umsögnum um lagafrumvörp, skipulag kjördæmaviku og reglulegra funda með þingmönnum kjördæmisins, þátttöku í stefnumótun ríkisins, greinarskrifum og eftirfylgni áætlana svo sem Byggðaáætlunar, og með samtölum við hagsmunaaðila innan og utan starfssvæðisins.

Hagsmunagæslan snýr einnig að því að reglulegu samstarfi við stofnanir innan og utan starfssvæðis, svo sem önnur landshlutasamtök, Byggðastofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga, stýrihóp stjórnarráðsins um byggðamál, og einstök ráðuneyti og stofnanir eftir því sem við á. Þá eiga samtökin reglulegt samtal við ýmis önnur félagasamtök, t.a.m. Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins.

Dæmi um verkefni 2027:

- Atvinnustefna Íslands og ný byggðaáætlun.
- Eftirfylgni með Sóknaráætlun Norðurlands eystra og annarri stefnumótun SSNE.
- Efling grunnþjónustu og grunninnviða svæðisins, meðal annars í tengslum við nýja samgönguáætlun.
- Efling millilandaflugs um Akureyrarflugvöll.

Samstarf sveitarfélaga

Eitt af grundvallarverkefnum SSNE er að vera samstarfsvettvangur aðildarsveitarfélaganna á starfssvæðinu. Samstarfið birtist á ólíka vegu, til að mynda í verkefnum eins og fjölmenningsráði og farsældarráði, reglulegum samráðsfundum og sameiginlegri stefnumótun í ýmsum málaflokkum. Þá starfar SSNE náið með öðrum landshlutasamtökum og Samtökum íslenskra sveitarfélaga.

Dæmi um verkefni 2027:

- Reglulegir samráðsfundir á sviði umhverfismála, menningar og farsældar og með sveitarstjórum.
- Loftslagsstefna Norðurlands eystra.
- Endurskoðun Samgöngu- og innviðastefnu Norðurlands eystra.
- Græn skref SSNE.
- Þátttaka í samráðsfundum með öðrum landshlutasamtökum og Samtökum íslenskra sveitarfélaga.
- Stuðningur við einstök sveitarfélög í fjölbreyttum verkefnum, s.s. Fyrirtækjaping og fleira.

Byggðapróun

Það eru fjölmörg spennandi tækifæri til uppbyggingar framundan á Norðurlandi eystra og er það eitt af hlutverkum SSNE að styðja sveitarfélögin og atvinnulíf á svæðinu til að grípa þau tækifæri. Það er meðal annars gert í gegnum hagsmunagæslu fyrir svæðið varðandi uppbyggingu innviða, greiningum á fjárfestingatækifærum, stuðningi við frumkvöðla og samstarfi við t.a.m. aðildarsveitarfélögin, stjórnarráðið, Byggðastofnun, Markaðsstofu Norðurlands og fleiri mætti nefna.

Skipta má Byggðapróunarhlutanum í þrennt:

- Fjárfestingar og nýsköpun
- Samningur við Byggðastofnun um atvinnuráðgjöf
- Sóknaráætlun Norðurlands eystra 2025-2029

Fjárfestingar og nýsköpun

Á síðustu árum hefur verið aukin áhersla hjá SSNE á stuðning við uppbyggingu atvinnulífs á atvinnusvæðinu og áfram þar áhersla á árinu 2027.

Mikil tækifæri eru til uppbyggingar á svæðinu og er mikil vinna framundan falin í að styðja við ríki, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga að grípa þau.

Þá hefur töluverð vinna verið sett í að efla og styðja við frumkvöðla á svæðinu og verður það gert áfram.

Dæmi um verkefni 2027:

- StartupLandið og þróun annarra hraðla í samstarfi við önnur landshlutasamtök.
- Efla samtal og samstarf við atvinnulífið – fyrirtækjaheimsóknir og reglulegir föstudagsfundir.
- Auknar fjárfestingar á Norðurlandi eystra.
- Uppfærsla á innviðagreiningu og fjárfestasíðu Norðurlands eystra: <https://invest.northeast.is/>
- Aukin styrkjasókn í innlenda og erlenda sjóði á starfssvæðinu.
- Fjárfestadagur 2027.

Samningur við Byggðastofnun um atvinnuráðgjöf

SSNE starfar einnig samkvæmt samningi samtakanna við Byggðastofnun um atvinnu- og byggðapróun á Norðurlandi eystra. Í samræmi við samninginn leitar SSNE samstarfs og samráðs við stofnanir og aðra aðila innan stoðkerfis atvinnulífs og nýsköpunar innan starfssvæðis eins og við á.

Dæmi um verkefni 2027:

- Fræðsla, ráðgjöf og þjálfun fyrir frumkvöðla, framleiðendur og fyrirtæki, m.a. með einstaklingsráðgjöf, og þátttöku í hröðlum eins og t.a.m. Startup Landið í samstarfi við önnur landshlutasamtök.
- Þátttaka í sameiginlegri fræðslu í samstarfi Byggðastofnunar og landshlutasamtaka.
- Þátttaka í vor- og haustfundum landshlutasamtakanna og Byggðastofnunar.
- Þátttaka í reglulegu samráði Byggðastofnunar og landshlutasamtaka.
- Fjárfestadagur 2027.
- Þátttaka í skipulagningu HönnunarÞings á Húsavík og Hraðall fyrir skapandi greinar.
- Ráðgjöf til einstaklinga, hópa og fyrirtækja um stofnun, þróun og rekstur fyrirtækja, sem og þróun annarra verkefna sem styðja við atvinnulífs landshlutans. Ráðgjöfin er sýnileg og aðgengileg á heimasíðu SSNE, auk þess sem hún er kynnt m.a. á samfélagsmiðlum samtakanna.

Sóknaráætlun Norðurlands eystra 2025-2029

[Sóknaráætlun Norðurlands eystra 2025-2029](#) er stefnumótandi áætlun sem sameinar framtíðarsýn, markmið og forgangsöröðun verkefna landshlutans. Starf SSNE grundvallast í þessari áætlun.

Áætlunin leggur áherslu á þrjá meginþætti: *Innviðir, atvinnulíf, blómlegar byggðir og umhverfismál.*

Markmið áætlunarinnar er að efla atvinnulíf með stuðningi við nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi, skapa blómlegar byggðir með stuðningi við menningu, farsæld og lýðheilsu, og stuðla að sjálfbærni og verndun náttúrunnar.

Framlög til Sóknaráætlunar er ráðstafað með tvennum hætti, annars vegar ákveður stjórn SSNE áhersluverkefni og hins vegar úthlutað í gegnum uppbyggingarsjóð. Öll verkefni þurfa að styðja við markmið Sóknaráætlunar og hjálpa Norðurlandi eystra að ná markmiðum sínum samkvæmt Sóknaráætlun.

Nánari upplýsingar um áhersluverkefni má [nágast hér](#). Úthlutanir Uppbyggingarsjóðs má kynna sér [hér](#).

Dæmi um verkefni 2027:

- Samstarfsvettvangur Sóknaráætlunar Norðurlands eystra.
- Menningarbyggð Norðurlands eystra.
- Eimur.
- Áframhaldandi stuðningur við Fiðring og Upptakt.

Pekkingaröflun og þekkingarmiðlun

Til að vita hvert skal stefna þarf fyrst að vita hvar við stöndum. SSNE hefur síðustu ár tekið þátt í að framkvæma bæði íbúakannanir og fyrirtækjakannanir í samstarfi við önnur landshlutasamtök á landinu. Út úr þeim könnunum hefur komið mikið magn af upplýsingum um bæði líðan og aðbúnað íbúa og um stöðu og aðbúnað fyrirtækja um allt land.

SSNE mun áfram taka þátt í framkvæmd þessara kannana en jafnframt leggja meiri áherslu á hagnýtingu og miðlun þeirra gagna á árinu 2027.

SSNE tekur þátt í þremur erlendum samstarfsverkefnum á árinu 2027:

[NACEMAP](#)

[Nordic Bridge](#)

Þá starfar SSNE áfram náið með samstarfsverkefninu [Eimi](#) og Markaðsstofu Norðurlands.

Sérverkefni

Á síðustu árum hefur SSNE tekið að sér rekstur ólíkra sérverkefna. Dæmi um það má nefna innviðaverkefni fyrir Langanesbyggð í samstarfi við innviðaráðuneytið og utanumhald um verkefni Brothættra byggða í samstarfi við Byggðastofnun. Þá er verkefnastjóri farsældar ráðinn með stuðningi mennta- og barnamálaráðuneytis.

Dæmi um sérverkefni 2027:

- Farsældarráð Norðurlands eystra?
- Brothættar byggðir II í Öxarfirði og á Raufarhöfn (verkefni lýkur?)
- Svæðisáætlun um úrgangsmál.
- Norðausturhornið.

Innri mál

Skrifstofa SSNE heldur utan um rekstur fjölmargra verkefna og undir það falla öll verkefni sem tengjast stjórnun, fjársýslu og rekstri, mannauðsmálum, kynningarstarfi og tækni.

Fjármögnun samtakanna er í gegnum ýmsa samninga við aðildarsveitarfélögin, ríki og Byggðastofnun. Framlög til samtakanna frá ríki og Byggðastofnun byggja á ákvörðun Alþingis um fjárlög ár hvert og þess vegna oft óvissa um tekjur og fjármögnun verkefna ár hvert.

Frá upphafi hefur SSNE kappkostað að vera sýnilegt og er á ári hverju gefin út mánaðarleg fréttabréf, skrifaðar fréttir á heimasíðu og samfélagsmiðla. Þá kappkostar SSNE að vera í góðum samskiptum við fjölmiðla, einkum í nærumhverfinu.

SSNE kemur að ýmsu viðburðahaldi bæði í eigin nafni og í samstarfi við fjölmarga aðra aðila, allt frá sveitarfélögum til ráðuneyta, stofnana, fyrirtækja og félagasamtaka.

Dæmi um verkefni 2027:

- Fræðsluheimsókn innanlands til annarra landshlutasamtaka.



SSNE

Samtök sveitarfélaga & atvinnuþróunar
á Norðurlandi eystra